

Þriðjudaginn 11. nóvember 1980.

Nr. 111/1978. Þórður Jóhannesson

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Árna Ingibjörnssyni

(Garðar Garðarsson hdl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús Þ. Torfason og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 1. júní 1978. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst hann lækkunar á kröfum stefnda og að málskostnaður fyrir báðum dómum verði látinn niður falla.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn. Hinn 24. október 1980 fékk áfrýjandi dómkvadda tvo menn, er segja skyldu álit sitt um þessi atriði: „1. Var venjulegt á þeim tíma, er umrætt slys bar að höndum, og talið eðlilegt og forsvaranlegt, að stýrimaðurinn einn annaðist netadráttinn og enginn sérstakur maður væri við netarúlluna miðað við þær aðstæður allar, sem lýst er í áðurnefndum skjölum, og þá tekið tillit til stærðar bátsins? 2. Hefði það, að álit matsmanna, getað komið í veg fyrir slysið, ef sérstakur maður hefði verið við netarúlluna í umrætt sinn?“

Hinir dómkvöddu menn segja svo í álitsgerð sinni 27. október 1980: „Svar okkar við fyrri spurningunni er já. Yfirleitt er ekki hafður maður við netarúlluna við téðar aðstæður á bátum af þeirri stærð, sem hér um ræðir . . .

Síðari spurningunni teljum við ekki hægt að svara með jái eða nei. Ekki er vafi á, að mjög aukið öryggi er af því að hafa mann við netarúlluna. Hvort það hefði forðað slysi

í umrætt sinn, er þó engin leið að fullyrða“. Þá hefur verið lagt fram vottorð Sverris Bergmann læknis, sérfræðings í taugasjúkdómum, 30. október 1980. Segir þar svo: „Þessi sj. hefur fengið mikinn höfuðáverka með höfuðkúpubroti og leka á heilavökva. Jafnframt hefur hann fengið tilfærslu á vi. auga inn í höfuð, þannig að það er honum gagnslaust. Hann hefur einu sinni fengið heilahimnubólgu, sem rekja má til lekans á mænuvökva, en við þennan leka hefur síðan verið gert og heilahimnubólgur ekki endurtekið sig. Hann er ekki þjáður af höfuðverk, og hann hefur ekki fengið krampa eða yfirlið, og neurologisk brottfallseink. finnast ekki utan skyntruflana á svæði n. supra orbitalis v. megin, sem einnig má auðvitað rekja til áverkans á þetta svæði höfuðsins. Það, sem eftir situr, þ. e. a. s. sjónskerðingin og nefndur dofi, er varanlegt og verður auðvitað rakið beint til slyssins. Fullvíst má hinsv. telja, að hann hefur sloppið við að fá krampa varanlega upp úr áverka þessum, og ósennilegt er, að hann hafi skapað sér aneurysma á intracranial æðar. Telja má einnig fullvíst, að tekist hefur að gera við leka mænuvökvans og því sé ekki hætt á endurteknun heilahimnubólgu. Um tímabundin veruleg óþægindi vegna áverkans er ekki þörf langrar greinargerðar“.

Af málflytningi má ætla, að stefndi hafi unnið sem næst fulla vinnu frá því á árinu 1973.

Með vísan til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann, bæði að því er varðar fábótaskyldu áfrýjanda og fjárhæðir, en upphafstími vaxta hefur ekki sætt andmælum.

Eftir þessum málalokum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 650.000 krónur.

Það athugast, að kveðja hefði átt tvo siglingafróða menn til setu í sjó- og verslunardómi við meðferð máls þessa.

#### D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Þórður Jóhannesson, greiði stefnda, Árna

Ingibjörnssyni, 650.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

### Dómur sjó- og verslunardóms Keflavíkur 3. mars 1978.

#### I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Árni Ingibjörnsson, Eyjavöllum 13, Keflavík, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 25. mars 1977, gegn Þórði Jóhannessyni útgerðarmanni, Faxabraut 49, Keflavík, til greiðslu skaðabóta, kr. 6.158.466 auk 8% ársvaxta af kr. 7.028.393 frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta frá þeim degi til 5. des. 1975, en 13% ársvaxta af kr. 6.158.466 frá þeim degi til greiðsludags, og málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær kröfur, að stefnda yrði gert að greiða kr. 6.981.026 auk 7% ársvaxta af kr. 7.850.953 frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, 9% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 15. júlí 1974, 13% ársvaxta af sömu fjárhæð frá þeim degi til 5. desember 1975 og loks 13% ársvaxta frá þeim degi af kr. 6.981.026 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, þar með talinn kostnaður við endurútreikning tryggingafræðings skv. reikningi.

Við munnlegan flutning málsins féllst stefndi á, að hækkun stefnukröfunnar og breyttri vaxtakröfu væri komið að án framhaldsstefnu, en hækkun þessi stafar af nýjum útreikningi á örorkutjóni stefnanda.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfu stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Til vara mótmælir stefndi stefnukröfunum sem of háum og krefst lækkunar á þeim.

#### II.

Í stefnu er málavöxtum þannig lýst: „Hinn 13. maí 1970 fór vélbáturinn Ólafur II KE-149, þá í eigu og gerður út af stefnda frá Keflavík, í röður til þess að taka upp netin að lokinni vetrarvertíð, en stefnandi var þá skráður 2. vélstjóri á bátinn. Þegar verið var að draga netatrossu um kl. 8.50 þennan morgun, vildi svo til, að „drekin“ hentist af rúllunni og inn á mitt dekk bátsins og lenti í höfði stefnanda og stórslasaði hann.“

Ekki var hlutast til um að halda sjópróf vegna máls þessa fyrr en þann 15. júní 1970, og var þá tekin skýrsla af nokkrum skipstjórnamönnum m/b Ólafs II. Samkvæmt skipsdagbók fyrir Ólaf II, KE 149, var gott veður á miðunum, eða NA gola 2—4 vindstig, þegar atvikið varð. Verið var að taka allar netatrossurnar í land. Þá segir í dagbókinni: „kl. 8.50, er við erum að enda við aðra trossuna, óklárast stertur á spilinu með þeim afleiðingum, að drekin hændist inn fyrir rúllu og í höfuðið á Árna Ingibjörnssyni, og er hann mikið slasaður, sett er á fulla ferð og haldið áleiðis til Sandgerðis. Kl. 9.00 hef ég samband við Reykjavík radio og bið um aðstoð og tala við Hannes Hafst. og lækni, og ráðleggja þeir mér að halda til Sandgerðis á fullri ferð. Kl. 10.10 erum við í Sandgerði, og læknir tekur við mannum.“

Við sjópróf skýrði skipstjórinn, Óli Jón Bogason, svo frá, að þeir hefðu verið að draga tveggja náttu fisk og hafi stýrimaður skipsins, Björn Þórhallsson, haft það starf með höndum að draga af spilinu, og stjórnaði hann jafnframt ganghraða þess. Ekki var hafður maður á rúllunni, enda slíkt yfirleitt ekki gert við aðstæður sem þessar. Skipið hafi verið ferðlaust og þeir átt eftir að draga inn um 90 metra langt færi og bauju, þegar slysið varð. Skipverjar voru að ljúka við að greiða úr, og var stefnandi bakborðsmegin við netaborðið í sem næst beinni línu frá rúllunni og spilinu. Skipstjórinn kvaðst hafa verið að koma frá talstöðinni og verið í miðju stýrishúsinu og þá séð drekann þeytast af netarúllunni og í höfuð stefnanda. Hafi stýrimaðurinn stöðvað spilið og hann þá séð, að óklárt var á spilinu. Spil bátsins er olúspil, og er kúpling fyrir það bæði í stjórnpalli og á dekki. Hann gat þess, að á spilinu hefði verið netaskífa og hafi hann ekki vitað annað en að allur tækjabúnaður væri í lagi og hafi útbúnaður skipsins ekki bilað við slysið. Hann kvað skipshöfnina vera þaulvana sjómenn. Kvað hann það algert einsdæmi, að drekin kæmi inn fyrir borðstokkinn með slíkum hætti.

Björn Þórhallsson stýrimaður gaf skýrslu við sjópróf auk þess sem hann hefur komið fyrir dóminn. Kvaðst hann hafa verið stýrimaður á m/b Ólafi II á 5 vertíðum, áður en slysið varð. Hann kvaðst hafa staðið eðlilega við spilhjólið umrætt sinn. Ekki kvaðst hann muna, með hversu miklum hraða hann dró, en taldi, að spilið hefði ekki snúist af fullum krafti, enda þess ekki þörf, þegar verið sé að draga drekan. Til þess að stöðva spilið þurfi að snúa kúplingshjólinu um það bil einn hring. Kúplingshjólið

er staðsett um það bil mitt á milli borðstokks og spils, þó aðeins aftar, og er auðvelt að teygja sig í kúplingshjólíð frá spilinu. Ekki hafi verið hafður maður við rúlluna, enda sé það ekki venja, þegar lítið fiskast eins og í þetta sinn. Björn kvaðst álíta, að óklárast hefði á spilinu, um leið og „hnúturinn“ kom inn á netaskífuna. Hann hafi þegar gripið til kúplingshjólsins til að stöðva spilið, en einn til tveir vafningar hafi verið komnir inn á spilið, áður en það stöðvaðist. Hann kvað tógið, sem nær frá netinu og bundið er í stroffu, sem er í enda drekakeðjunnar, hafa verið um 12 faðma á lengd. Hann gat ekki upplýst, hversu löng drekakeðjan hafi verið. Björn Þórhallsson kvað það fara eftir aðstæðum, hvort hann dragi með sama hraða, eftir að tekið sé til við að draga tógið. Tógið sagðist hann draga á skífurni, þar til stroffan í drekakeðjuna sé komin upp að skífurni, og sé þá spilið látið ganga áfram og drekanum kippt með handafli yfir rúlluna. Kvaðst hann ekki stöðva spilið og draga keðjuna eingöngu á koppnum, nema eitthvað sérstakt væri að. Hann kvað stefnanda hafa á allan máta staðið eðlilega að verki sínu. Hann upplýsti, að umræddur dreki hefði verið tveggja flauga og um 15—30 kílógrömm að þyngd. Umrætt sinn hafi verið lítið fiskirí og sé þá venjulega dregið með meiri hraða en þegar mikill fiskur sé í netunum. Fjarlægðina frá netarúllunni að spilinu kvað hann hafa verið u. þ. b. 1 metra.

Ragnar Brynjar Hjelm háseti hefur gefið skýrslu bæði við sjópróf og fyrir dóminum. Kvaðst hann hafa verið mikið til sjós og þá á netaveiðum, en þetta hafi verið fyrsta vertíð sín á m/b Ólafi II. Kvaðst hann hafa verið við störf á dekkinu, er slysið varð, og verið að leggja netin niður. Hafi hann fylgst með drekanum, þegar hann var að koma inn fyrir borðstokkinn. Segir hann, að drekin hafi umsvifalaust flogið af rúllunni og inn á mitt dekk, þar sem hann lenti á höfði stefnanda. Kvaðst hann ekki hafa séð annað en að stýrimaðurinn hefði í umrætt sinn farið eins að og venjulega. Ekki sé venja að hafa mann við netarúlluna, þegar lítið fiskirí sé, eins og þarna var, og hafi aðferð við veiðarnar á m/b Ólafi II verið lík því, er hann átti að venjast á öðrum skipum. Þó taldi hann það óeðlileg vinnubrögð að draga tógið með sama hraða og netin. Í umrætt sinn hafi netin verið dregin með miklum hraða og þar sem tógið sé haft mislangt, sé ómögulegt að vita, hvenær keðjan kemur, ef enginn er við rúlluna. Hann segir, að drekakeðjan sé það stutt, að maðurinn við spilið hafi þá engan veginn tíma til að stöðva spilið, áður en drekin komi inn, ef dregið er með þeim hraða sem gert

var umrætt sinn. Kvað hann vinnubrögð, er hann þekkti við að taka inn drekann, þau, að bæði væri maður á spili og rúllu. Maðurinn við rúlluna fylgist með því, þegar drekakeðjan kemur og hafi þá aðra höndina á kúplingunni. Keðjan sé síðan dregin hægt og á koppnum, sé hún það löng, að drekin er ekki kominn að rúllu, þegar keðjan kemur inn á koppinn. Þegar drekin er kominn upp á rúlluna, sé kúplað sundur og drekin tekinn inn á handafla. Kvaðst hann aldrei hafa orðið vitni þess, að drekin hefði komið inn með þeim hætti, er þarna gerðist. Eftir slysið hafi hann greitt úr spilinu og hafi þrjú högg verið á því, en keðjan hafi ekki verið komin inn á spilið. Hann telur, að keðjan hafi verið um tvo metra að lengd.

Stefnandi sagði fyrir dóminum og við sjópróf, að sig minnti, að venja hefði verið á bátnum að hafa mann við netarúlluna, enda hafi skipverjar verið nægjanlega margir á bátnum til þess að skipta þannig með sér verkum. Umrætt sinn hafi hann unnið við netaborðið við að skera af netunum steina og hringi og hafi hann staðið nokkurn veginn miðskips. Hann hafi ekki merkt neitt óeðlilegt við netadráttinn, en skyndilega fundið mikið högg á höfuðið. Hafi hann verið lagður á netaborðið og legið þar á leiðinni til lands. Hann kvaðst ekki hafa orðið var við, að bilun hefði komið fram í spilinu eða öðrum tækjabúnaði bátsins, en það væri þó ekki útilokað, að eitthvað dót, er á dekkinu var, þ. e. netagrjót, hafi lent upp að hjöruliðnum á öxlinum og þannig komið í veg fyrir, að hægt var að stöðva spilið samstundis. Stefnandi kvaðst hafa verið búinn að vera í 4—5 ár á m/b Ólafi II, þegar slysið varð, en sjómennsku hafi hann stundað lengur. Kvaðst hann ekki minnst þess, að drekin hefði áður komið inn með slíkum hætti og þarna var.

### III.

Stefnandi byggir kröfugerð sína á hendur stefnda á því, að slysið hafi orðið vegna mistaka þeirra manna, sem stefndi beri fébótaábyrgð á, sbr. reglur um húsbóndaábyrgð og 8. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963. Einnig telur stefnandi stefnda bera ábyrgð á slysinu, þar sem um hættulegan atvinnurekstur sé að ræða. Umrætt sinn hafi netin verið dregin allt of hratt, án þess að maður væri við netarúlluna til þess að fylgjast með því, þegar drekin kæmi að henni. Enn fremur hafi sami maðurinn bæði stjórnað spilinu og dregið af því um leið og ekki gætt nægilegrar varkárni við það verk sitt, þannig að óklárast hafi í spilinu, þeg-

ar hnúturinn (í drekakeðjuna) kom inn í spilskífuna, drekinn fest og því kippst af heljarafli inn á mitt þilfar bátsins, þegar hann losnaði. Þá hafi maðurinn, sem stjórnaði spilinu, ekki verið nógu viðbragðsfljótur að stöðva spilið, fyrr en þrjú brögð voru komin á það, og skipstjórinn hafi ekki fylgst nægjanlega vel með netadrættinum til þess að geta stöðvað spilið úr brúnni, þegar óklárt varð á því.

Enn fremur sé ekki hægt að útiloka, að slysið hafi átt sér stað vegna bilunar í spili eða öðrum tækjum bátsins, en ekki hafi verið hlutast til um að halda sjópróf vegna slyssins, þegar eftir að báturinn kom til lands, og beri stefndi hallann af því nú.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að meiðsli stefnanda hafi orðið fyrir algera óhappatilviljun, sem hann beri ekki ábyrgð á, hvorki hlutlæga né sakarábyrgð. Öll tæki bátsins hafi verið í lagi og áhöfnin hegðað sér í alla staði eðlilega við vinnu sína, þannig að um sakarábyrgð á vanbúnaði tækja eða skaðaverkum starfsmanna sé ekki að ræða. Hann bendir á, að venja sé að hafa ekki mann við netarúllu, þegar verið sé að draga net, sem lítill fiskur sé í. Komið hafi fram í málinu, að ekki hafi verið neitt óeðlileg við netadráttinn umrætt sinn og stýrimaðurinn hafi farið að eins og venjulega við dráttinn.

Eins og áður hefur komið fram, voru sjópróf ekki haldin vegna slyssins, fyrr en einum mánuði eftir að það gerðist, og hafði þá ekki verið haldið til haga þeim umbúnaði, sem í notkun var, þegar atburðurinn átti sér stað.

M/b Ólafur II sökk árið 1977, og gat dómurinn því ekki athugað aðstæður um borð í bátnum. Dómurinn verður því að byggja á upplýsingum aðilja varðandi útbúnað veiðarfæra m/b Ólafs II. Fram hefur komið, að tógið frá endaneti í stroffu í drekakeðju var um 12 faðmar að lengd. Einnig kom fram, að lengd drekakeðju hafi verið um 1—2 metrar, en ekki hefur upplýst, í hvorn enda drekans hún hafi verið lásuð.

Áhöfn m/b Ólafs II var að ljúka drætti netatrossu, og fram hefur komið, að dregið hafi verið af spilinu með meiri hraða en venja er til, vegna þess að lítill afli var í netunum. Ekki hefur komið fram, að hægt hafi verið á spili, þegar byrjað var að draga tógið. Þar sem ekki var maður við netarúllu til að gera stýrimanni aðvart, er hann dró af spilinu umrætt sinn, og hafði jafnframt með höndum stjórnun ganghraðastillingar, þar stýrimanni að sýna mun meiri varkárni við dráttinn, þar sem hann vissi, að drekinn var að nálgast. Stýrimanninum vannst því ekki

tími til að stöðva spilið, þegar drekakeðjan kom upp á rúlluna, með þeim afleiðingum, að drekinn hentist inn á dekk, þar sem hann lenti á stefnanda.

Að mati dómsins verður slys þetta því alfarið rakið til gáleysis stýrimanns m/b Ólafs II, og ber því stefndi óskipta fébótaábyrgð á tjóni stefnanda skv. 1. mgr. 8. gr. siglingalaga nr. 66 frá 1963.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

1. Vegna tímabundinnar örorku .....	kr. 931.711
2. Vegna varanlegrar örorku .....	— 6.171.917
3. Miskabætur .....	— 1.500.000
4. Útlagður kostnaður .....	— 96.792

Samtals kr. 8.700.420

Frá þessari fjárhæð hefur stefnandi síðan dregið kr. 600.000, sem hann fékk greiddar úr ábyrgðartryggingu stefnda hjá Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, kr. 100.000, sem einnig voru greiddar af Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f vegna sammingsbundinnar slysatryggingar útgerðarmanna og sjómanna, og svo kr. 1.019.394, sem greiddar voru af Tryggingastofnun ríkisins.

Stefnukrafan nemur því kr. 6.981.026 auk vaxta og málskostnaðar.

Um lið 1 og 2.

Páll Sigurðsson læknir hefur metið örorku stefnanda. Örorkumat þetta er dagsett 10. jan. 1975, og segir þar meðal annars:

„Samkvæmt upplýsingum, sem fyrir liggja, þá varð þessi maður fyrir slysi hinn 13. maí 1970. Slysið varð með þeim hætti, að slasaði, sem var að starfi sínu um borð í m/b Ólafi, fékk „dreka“ í höfuðið og skaddaðist mjög illa. Hann var fluttur samdægurs á Sjúkrahús Keflavíkur-læknishéraðs, og liggur fyrir vottorð frá Jóni K. Jóhannssyni, þáverandi sjúkrahúslækni þar, dags. 17/7 '70, þar sem lýst er slysinu og fyrstu meðferð. Vottorð Jóns er svohljóðandi:

„Árni var fluttur á Sjúkrahús Keflavíkur-læknishéraðs að morgni þess 13. 5. s.l. Hafði hann við vinnu sína þann sama morgun um borð í m/b Ólafi fengið „dreka“ í höfuðið, og við skoðun á spítalanum kom í ljós, að maðurinn var með fullri meðvitund, en þvert yfir enni hans var ca. 15 cm langur skurður, sem náði allt inn að ennisbeini, og var það mölbrotið á mörgum stöðum, og blæddi mikið úr. Heilahimnan fyrir innan var þó órfin. Röntgenmynd af höfði sýndi áður nefnt brot og auk þess brot á efra

kjálkabeini báðum megin og á vinstra kinnbeini, ennfremur voru „gólfin“ á augntóftunum niðurþrýst. Þrátt fyrir þennan mikla höfuðáverka hafði maðurinn aldrei misst meðvitund, og lamanir voru ekki finnanlegar. Sárið á enninu var hreinsað upp og deytt, blæðing stöðvuð og beinabrotunum lyft og raðað saman og sárið síðan saumað saman. Bæði augu voru sokkin, eftir nokkurra daga dvöl á sjúkrahúsinu kom í ljós hægra augað, en hið vinstra hélst sokkið.

Almennt ástand fór batnandi, og greri sárið á enninu vel. Þann 26. 5. gat hann útskrifast af sjúkrahúsinu og fór þá að mínu ráði til tveggja augnlækna í Reykjavík, sem ráðlögðu, að maðurinn yrði sendur til Kaupmannahafnar á sjúkrahús þar, ef takast mætti að gera þannig við vinstri augntóftarbotninn, að augað fengist fram. Telja má, að maðurinn hafi verið úr allri lífshættu, er hann fór héðan af sjúkrahúsinu, en spurningin sé, hvort vinstra augað fái að halda sér. Að því er ég best veit mun hann enn vera í Kaupmannahöfn og óvíst ennþá um árangur aðgerða þar.“

Eins og fram kemur í vottorði Jóns, þá hafði ennisbeinið mölbrotnað við slysið, en auk þess efri kjálkabein báðum megin, og höfðu gólfin í augntóftum, einkum vinstra megin, þrýst niður. Manninum var því ráðlagt að leita til augnlækna í Reykjavík, en þeir ráðlögðu, að hann yrði sendur til Kaupmannahafnar á sjúkrahús til þess að freista þess, hvort gera mætti við áverka í augntóft, einkum vinstra megin.

Samkvæmt bréfum, sem fyrir liggja frá sjúkrahúsum í Kaupmannahöfn, þá hefur slasaði dvalist á taugaskurðeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn frá 1. júní til 11. júní 1970, en verið fluttur á augndeild og útskrifast þaðan 28. 7. 1970. Þar var framkvæmd aðgerð á honum, en hún heppnast greinilega ekki.

Maðurinn var öðru sinni sendur á taugaskurðeild Ríkisspítalans í Kaupmannahöfn og dvaldist þar frá 29. 5. 1971 til 24. 6. 1971, og var það vegna mænuvökvarennslis.

Þá liggur fyrir vottorð frá Sverri Bergmann, sérfræðingi í taugasjúkdómum, dags. 30. 9. 1974, og er það vottorð svohljóðandi:

„Ég hef skoðað Árna Ingibjörnsson, f. 14. 1. 1950, til heimilis að Kirkjuvegi 13, Keflavík.

Þann 13. 5. 1970 varð þessi piltur fyrir slysi, er hann fékk þungan hlut á höfuðið. Höggið kom aðallega á enni slasaða vinstra megin, og brotnaði ennisbeinið og þak vinstri augntóftar. Við áverkann virðist mér, að hann hafi hlotið heilahristing, en ein-

kenni frá þeim hluta áverkans hafa hins vegar gengið vel til baka og valda ekki óþægindum.

Hann hefur einnig fengið taugaskemmdir í andlit, og er vegna þeirra dofinn vinstra megin á enni og með nokkuð truflað sársaukaskyn á vinstri kinn. Þetta út af fyrir sig veldur þó ekki teljandi óþægindum. Við áverkann hefur jafnframt komið gat eða göt á heilahimnur, þannig að mænuvökvi rann niður í kok og nefhol. Þetta hefur verið lagað með aðgerð, og eru ekki merki um slíkan leka nú.

Mestu máli skiptir, að áverkinn leiddi til þess, að vinstra auga hefur gengið verulega inn í höfuðið, og augnlok er lamað. Tilraunir til þess að færa augað fram á réttan stað hafa ekki borið árangur. Augað situr nú hulið alldjúpt inn í höfði. Hann hefur fulla sjón á því og hreyfingar þess eru eðlilegar, en hins vegar getur hann tæplega beitt augunum saman öðruvísi en að sjá tvöfalt. Veruleg rýrnun hefur orðið á augnumgjörðinni.

Ég hygg, að ástand þessa pilts m. t. t. afleiðinga slyssins muni ekki breytast frá því, sem nú er. Heilahristingseinkennin hafa horfið. Hann hefur ekki frekari einkenni um leka á mænuvökva (vert er þó að benda á, að erfitt er að vera fullviss um, hvort slík einkenni taki sig ekki upp aftur). Hann hefur varanlega dofa á vinstra enni og einnig truflun á skyni á vinstri kinn, sem ekki mun breytast nema þá hugsanlega með sérstökum aðgerðum. Tilraunir til þess að færa vinstra auga á réttan stað hafa ekki borið árangur. Ósennilegt er, að það sé fremur hægt nú, og erfitt myndi vera að koma í veg fyrir tvísýni. Rétt væri kannske að hafa álit augnlæknis á þessu síðastnefnda atriði.“

Maðurinn kom til viðtals hjá undirrituðum 20. 10. 1974. Hann skýrir frá slysi og meðferð eins og fram kemur hér að framan. Hann kveðst hafa verið frá vinnu um það bil hálf ár eftir slysið. Vann þá um þriggja mánaða skeið, en varð þá að hætta vinnu að nýju og vann síðan ekkert þar til í ársbyrjun 1972, en hefur unnið síðan. Hann er sjómaður og er nú 2. vélstjóri eins og áður.

*Núverandi óþægindi:* Hefur engin not af vinstra auga. Kvartar um kláða og dofa í kringum augað. Dofinn nær aftur á höfuðið og niður á andlitið niður á efri vör. Kvartar einnig um þreytu í hægri auga vegna áreynslu á það.

*Skoðun:* Vinstra auga er alveg lokað, og maðurinn getur ekki opnað það. Allt augað er inndregið, og er þetta mjög áberandi. Ör er á enni áberandi, en vel gróið. Tilfinningaminnkun er á enni og í kringum allt vinstra auga og niður á kinn.

Óskað var eftir umsögn augnlæknis um augað, og í vottorði Úlfars Þórðarsonar, ódagsettu, en rituðu eftir að fyrrgreind skoðun fór fram, þá segir, að hægra auga sé eðlilegt, en að vinstra auga liggi langt inni í augntóftinni. Þar segir, að skoðun á auganu sé mjög erfið, en sjón á því sé 6/9 án glerja. Hins vegar telur augnlæknirinn, að augað komi manningnum ekki að neinu gagni vegna diplopia, þar sem festingar allra augnvöðvanna hafi raskast og augað dregist um 2½ cm. inn í augntóftina. Auk þess sé greinileg bólga í augntóftinni, þar sem hvarmabólga sé ávallt í auganu, og stöku sinnum tæmist út úr því gróftur.

Maðurinn notar nú gleraugu.

*Ályktun:* Hér er um að ræða tæplega 25 ára gamlan mann, sem slasaðist við vinnu sína fyrir rúmlega 3½ ári. Við slysið hlaut hann mikið höfuðhögg, brot á ennisbeini og sköddun á andlitsbeinum, þannig að vinstra auga hefur gengið inn í augntóftina.

Eftir slysið fór hann tvívegis til Kaupmannahafnar til skurðaðgerða, annars vegar til að freista þess, hvort laga mætti stöðu augans, og hins vegar til að loka mænuvökvarennisli, sem var eftir slysið. Vökvarennislið tókst að stöðva, en hins vegar tókst ekki að hreyfa við stöðu augans.

Sem afleiðingu meiðslisins nú þá hefur maðurinn ör á enni, mikinn dofa í kringum vinstra auga niður á kinn og upp á höfuð og stöðubreytingu á vinstra auga, þannig að það hefur gengið langt inn í augntóftina. Enda þótt sjón sé á auganu, þá er það manningnum algerlega ónothæft.

Af þessum sökum verður að telja, að maðurinn hafi hlotið tímabundna og varanlega örorku, sem telst hæfilega metin þannig:

Í 6 mánuði	100%	örorka.
Í 3 mánuði	50%	—
Í 9 mánuði	100%	—
Í 2 mánuði	75%	—
Í 2 mánuði	50%	—
Í 2 mánuði	35%	—

og síðan varanleg örorka 25%.“

Guðjón Hansen tryggingafræðingur hefur með líkindareikningi reiknað út örorkutjón stefnanda á grundvelli örorkumats Páls Sigurðssonar. Í fyrsta útreikningi hans, dags. 18. júlí 1975, segir hann:

„Samkvæmt örorkumati Páls Sigurðssonar læknis, dags. 10. 1. 1975, varð Árni Ingibjörnsson, Kirkjuvegi 13, Keflavík, fyrir

slysi 13. maí 1970. Telur lækningurinn, að af völdum þessa slyss hafi Árni hlotið orkutap, er hann metur þannig:

Í 6 mánuði	100%
Í 3 mánuði	50%
Í 9 mánuði	100%
Í 2 mánuði	75%
Í 2 mánuði	50%
Í 2 mánuði	35%

Síðan til frambúðar 25%

Árni er sagður fæddur 14. janúar 1950 og hefur samkvæmt því verið 20 ára gamall, er hann varð fyrir ofangreindu slysi. Samkvæmt upplýsingum yðar hafði hann þá stundað sjó lengi og verið 4—5 ár skipverji á m/b Ólafi KE-149, en þar var hann lögskráður II. vélstjóri, er slysið varð.

Samkvæmt ljósritum af skattframtölum fyrir starfsárin 1967—1973 voru launatekjur Árna þau ár sem hér segir:

Árið 1967	kr. 186.427,65
— 1968	— 254.323,61
— 1969	— 379.882,40
— 1970	— 249.763,28
— 1971	— 126.513,00
— 1972	— 353.173,40
— 1973	— 435.869,30

Til viðbótar ofangreindum launatekjum eru árin 1972 og 1973 tilgreindar hreinar tekjur af atvinnurekstri, kr. 89.802,00 fyrrnefnda árið og kr. 283.480,75 síðarnefnda árið.

Þegar slys verður á mönnum um tvítugsaldur, er sjaldgæft, að vinnutekjur slasaða árin fyrir slys reynist nothæfur grundvöllur áætlunar fram í tímann. Árni hefur orðið 17 ára í ársbyrjun 1967, og það ár eru dagar á sjó (greiddir fæðisdagar) taldir vera 256. Árið 1968 eru þeir 332 og árið 1969 291. Samanburður við vinnutekjur kvæntra sjómanna í Reykjavík (undirmanna á bátum, togurum og farskipum) samkvæmt úrtaksrannsókn á skattframtölum sýnir, að árið 1967 eru vinnutekjur Árna allmikið undir meðaltali sjómannstekna, en árið 1968 eru þær nokkuð yfir og 1969 verulega yfir slíku meðaltali.

Með hliðsjón af framanrituðu tel ég rétt að leggja vinnutekjur Árna fyrir slysið til grundvallar áætlun fram í tímann. Með tilliti til aldurs og vaxandi tekna Árna á því tímabili, sem hér um ræðir, þ. e. árunum 1967—1969, hef ég áætlað tekjur á þrjá vegu miðað við a) umreiknaðar meðaltekjur þriggja ára 1967—

1969, b) umreiknaðar meðaltekjur tveggja ára 1968—1969 og c) umreiknaðar tekjur ársins 1969. Umreiknaðar með tilliti til breytinga á fiskverði til sjómanna reiknast mér árstekjur þá verða sem hér segir:

	a)	b)	c)
	Kr.	Kr.	Kr.
Árið 1970, frá slysdegi	352.896.-	395.516.-	459.092.-
— 1971	505.826.-	566.916.-	658.043.-
— 1972	657.680.-	737.110.-	855.594.-
— 1973	888.534.-	995.844.-	1.155.918.-
— 1974	1.193.552.-	1.337.700.-	1.552.725.-
— 1975	1.550.386.-	1.737.630.-	2.016.940.-
Eftir þann tíma	1.617.161.-	1.812.469.-	2.103.808.-

Miðað við þennan þrenns konar tekjugrundvöll og tap vinnutekna í samræmi við áðurnefnt örorkumat reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi á slysdegi nema:

	Miðað við	Miðað við	Miðað við
	tekjugrv. a)	tekjugrv. b)	tekjugrv. c)
	Kr.	Kr.	Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 24 mánuði eftir slysið	716.190.-	802.686.-	931.711.-
Vegna varanl. orkutaps síðan	3.537.488.-	3.964.718.-	4.602.015.-
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
Samtals	4.253.678.-	4.767.404.-	5.533.726.-

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna vegna slyssins frá Tryggingastofnun ríkisins né öðrum aðilum.

Reiknað er með töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenskra karla 1951—1960. Vextir eru reiknaðir 7% p. a. frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% p. a. eftir þann tíma. Ef reiknað væri með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, 9% ársvöxtum eftir það til 15. júlí 1974 og síðan 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi lækka um því sem næst 20,4% frá því, er að framan greinir.

Ekki hefur verið tekið tillit til hugsanlegra áhrifa slyssins á lífeyrisréttindi Árna, en tiltölulega lítill hluti tekna bátasjómanna er gjaldskyldur til lífeyrissjóðs.“

Guðjón reiknar að nýju áætlað örorkutjón stefnanda þann 5. júní 1976, en þar segir m. a.:

„Í fyrri útreikning voru vinnutekjur fram í tímann áætlaðar á þrjá vegu, þ. e. miðað við:

- Umreiknaðar meðaltekjur þriggja ára 1967—1969.
- Umreiknaðar meðaltekjur tveggja ára 1968—1969.
- Umreiknaðar tekjur ársins 1969.

Umreikningur miðaðist við breytingar á fiskverði til sjómanna. Þegar tillit er tekið til fiskverðshækkana og breytinga á hlutaskiptareglum, sem átt hafa sér stað síðan í júlí 1975, reiknast mér ofangreindar þrenns konar árstekjur verða sem hér segir frá og með árinu 1975:

	a) Kr.	b) Kr.	c) Kr.
Árið 1975	1.572.622.-	1.762.551.-	2.045.867.-
— 1976	1.883.702.-	2.111.200.-	2.450.559.-
Eftir þann tíma	1.904.867.-	2.134.922.-	2.478.093.-

Miðað við ofangreindar breytingar á tekjugrundvællinum reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slyssdegi nema:

	Miðað við tekjugrv. a) Kr.	Miðað við tekjugrv. b) Kr.	Miðað við tekjugrv. c) Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 24 mán.	716.190.-	802.686.-	931.711.-
Vegna varanlegs orkutaps eftir þann tíma	4.035.089.-	4.522.415.-	5.249.356.-
	<hr/>	<hr/>	<hr/>
	Samtals 4.751.279.-	5.325.101.-	6.181.067.-

Í sambandi við framangreindan tekjugrundvöll skal á það bent, að þegar verkafólk í landi á í hlut, tek ég tillit til umsaminna grunnkaupshækkana 1. júlí, 1. október og 1. febr. n.k. (6% + 6% + 5%, sbr. rammasamning A.S.Í. og vinnuveitenda frá 28. febrúar s.l.). Um hliðstæðar ákvarðanir fiskverðs er ekki að ræða, og hefur því hér verið reiknað til frambúðar með núgildandi fiskverði. Til glöggvunar á því, hver áhrif breytingar, sem á næstu mánuðum kynnu að verða á fiskverði, hefðu á niðurstöðu útreikningsins, hef ég reiknað, hve mikill hluti framangreinds heildarverðmætis tapaðra vinnutekna er vegna tíma eftir júnílok 1976. Reiknast mér sú fjárhæð verða sem hér segir:

- Miðað við tekjugrundvöll a) kr. 3.138.846.-
- Miðað við tekjugrundvöll b) kr. 3.517.931.-
- Miðað við tekjugrundvöll c) kr. 4.083.410.-

Hér hefur verið reiknað með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973 og 9% ársvöxtum eftir þann tíma. Ef reiknað er með 7% ársvöxtum frá slysdegi til 16. maí 1973, síðan með 9% ársvöxtum til 15. júlí 1974 og eftir það með 13% ársvöxtum til frambúðar, reiknast mér heildarverðmæti tapaðra vinnutekna lækka um því sem næst 21,5% frá því, sem að framan greinir. Sá hluti verðmætisins, sem er vegna tíma eftir júnílok 1976, lækkar hins vegar um því sem næst 31,9%.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum aðrar en þær, sem hér hafa verið tilgreindar, skírskotast til fyrri útreiknings.“

Tryggingafræðingurinn áætlar enn á ný örorkutjón stefnanda þann 26. janúar 1976 og áætlar þar sem fyrr tjónið á þrjá mismunandi vegu. Síðan segir í mati hans:

„Tímabilið frá slysdegi til ársloka 1974 er miðað við hinar umreiknuðu tekjur, eins og þær eru tilgreindar í útreikningnum frá 18/7 1975. Þegar tillit er tekið til fiskverðshækkana, sem síðan hafa orðið, svo og breytinga á hlutaskiptareglum 1976, reiknast mér umreiknaðar árstekjur frá og með árinu 1975 verða sem hér segir:

	a) Kr.	b) Kr.	c) Kr.
Árið 1975	1.572.622.-	1.762.551.-	2.045.867.-
— 1976	2.057.963.-	2.306.508.-	2.677.260.-
— 1977	2.883.596.-	3.231.854.-	3.751.349.-
Eftir þann tíma	3.607.579.-	4.043.274.-	4.693.198.-

Að þessu sinni er útreikningur á verðmæti tapaðra vinnutekna miðaður við 7% ársvexti frá slysdegi til 16. maí 1973, eftir það við 9% ársvexti til 15. júlí 1974 og síðan við 13% ársvexti til frambúðar. Miðað við tekjugrundvöll, sem að ofan greinir, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi með því móti verða sem hér segir:

	Miðað við tekjugrv. a) Kr.	Miðað við tekjugrv. b) Kr.	Miðað við tekjugrv. c) Kr.
Vegna tímabundins orkutaps í 24 mán.	716.190.-	802.686.-	931.711.-
Vegna varanlegs orku- taps eftir þann tíma	4.744.244.-	5.317.217.-	6.171.917.-
Samtals	5.460.434.-	6.119.903.-	7.103.628.-

Um forsendur, aðrar en þær, sem varða hinar tilgreindu breytingar á tekjugrundvelli og vaxtagrundvöll, skírskotast til fyrri útreikninga.“

Stefnandi byggir fjárhæðir kröfuliða 1 og 2 á líkindareikningi tryggingafræðingsins þann 26. janúar 1978 við tekjugrundvöll c.

Stefndi hefur mótmælt kröfuliðum þessum sem of háum og bendir á í því sambandi, að stefnandi byggir kröfur sínar á hæstu fánlegu útkomu úr örorkutjónsútreikningi tryggingafræðingsins. Þá telur hann enn fremur, að taka verði tillit til hagræðis við eingreiðslu og skattfrelsis slysabóta, sem stefnandi hafi ekki gert.

Dómendur hafa komist að þeirri niðurstöðu, að áverki sá, sem stefnandi hlaut, og afleiðing hans hafi leitt af sér skert aflahæfi stefnanda, jafnvel þótt svo, að tekjur stefnanda, eftir að hann hóf vinnu á ný, hafi ekki lækkað tiltölulega, eins og stefndi benti á í málflutningi. Við mat á tjónbótum til handa stefnanda skv. kröfuliðum þessum eru höfð til hliðsjónar örorkumat Páls Sigurðssonar læknis og líkindaútreikningar Guðjóns Hansen tryggingafræðings. Þá er enn fremur tekið tillit til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsis bótanna svo og þeirra greiðsna, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins og Sjóvátryggingarfélagi Íslands h/f, sem að framan er getið. Þegar þættir þessir eru virtir, þykja bætur samkvæmt kröfulið 1 og 2 hæfilega metnar á kr. 3.000.000.

Um 3. Þegar litið er til sjúkrasögu stefnanda og þess, sem fram hefur komið um afleiðingar slyssins, þykja miskabætur hæfilega metnar kr. 700.000.

Um 4. Kröfulið þessum hefur ekki verið tölulega mótmælt, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst heildartjón stefnanda vera kr. 3.796.792 (3.000.000 + 700.000 + 96.792). Ber stefnda að greiða stefnanda fjárhæð þessa með 7% ársvöxtum frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins ber stefnda að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 650.000.

Dóm þennan kváðu upp Valtýr Sigurðsson, settur héraðsdómari, ásamt meðdómsmönnum Ingólfi Falssyni skipstjóra og Jóni G. Kristjánssyni héraðsdómslögmanni.

Dómsorð:

Stefndi, Þórður Jóhannesson, greiði stefnanda, Árna Ingi-

björnssyni, kr. 3.796.792 ásamt 7% ársvöxtum frá 13. maí 1970 til 16. maí 1973, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 15. júlí 1974 og með 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 650.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að telja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 12. nóvember 1980.

Nr. 102/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

**Jóni Jónssyni**

(Jón E. Ragnarsson hrl.).

Skjalafals.

### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómaramarnir Logi Einarsson, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Þorsteinn Thorarensen, settur hæstaréttardómari.

Máli þessu er skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða, en því er einnig áfrýjað af hálfu ákærvaldsins til þyngingar.

Aðiljar hafa ekki æst þess, að ákvæði héraðsdóms um skaðabætur verði tekið til endurskoðunar, sbr. 1. mgr. 147. gr. laga nr. 74/1974.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 150.000 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 150.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Jón Jónsson, greiði allan áfrýjunarkostnað